

“Eg vil heldur, að af mér sé mannabefur, en að eg tali sem óvita barn. Þú vanhelgar þessa stund hugleiðinganna með orðagjálfri um náttúruna, en ert svo lélegur í fagurfræði, að þú berð ekki skyn á fegurð þá, er gott tóbak er gætt”, mælti Dextrý.

Glenister skellihló. Hann rétti úr sér og teygði á vöðvum sínum í ákefð, eins og hann réði ekki við fjörmagnið.

Þeir reikuðu til og frá um skipakvína, en fram undan þeim lá skipið ‘Santa Maria’, alþúin þess, að leggja út um miðnætti. Þar sem fyrir einni viku blíðeygðir innfæddir menn höfðu starfað að því, að þurka þorsk sinn, þangað hafði nú flokkast hálftryltur flokkur gull-leitarmanna. Þeim hafði þyrlað upp sem engisprettum í þúsundatali, og stöðvast þarna um hríð á leið sinni til hinnar nýju ‘El Dorado’. Þeir biðu á ströndinni við ‘Reyk-hafið’ eftir því, að ísinn færi, er hamlaði þeim leiðina að ‘Gullreyfinu’ — hinni nýju Nome, þar sem menn gripu upp auð fjár á einni nóttu.

Mosavöxnu hæðirnar að baki þorpsins voru þaktar gröfum þeirra, er látist höfðu haustið áður á för til gull-landsins, er drepsótt hafði geisað yfir landið. En hvað gjörði það til? Gullbjarminn titraði á sandinum, eftir því, er landkönnunarmönnum sagðist frá. Af því stafaði úthlaup þessa mikla hers. Glenister og Dextrý höfðu farið frá Nome haustið áður, og var Glenister þá að fram kominn af hitaveiki. Nú voru þeir að halda aftur og vitja landa sinna.

“Loftið ágæta hvetur og espar hverja einustu